



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30.10.2020
Tilvísun: 202010-0015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðskiptaleyndarmál, 13. mál, 151. löggj.þ.

Alþýðusamband Íslands gerir athugasemd við 13. gr. laganna um skaðabætur. Þar segir í 4. mgr. að „*auk bóta fyrir fjártjón má dæma bætur til handhafa viðskiptaleyndarmálsins vegna ófjárhagslegs tjóns.*“

Í skaðabótarétti, sbr. lög nr. 50/1993, kallast þess konar bætur „miskabætur“ og má segja að þær séu ætlaðar til að dæma einstaklingum sálrænt tjón t.d. í tengslum við líkamsárás eða öðru grófi broti gegn persónufrelsi. Jafnframt er heimilt að dæma aðstandendum myrts einstaklings miskabætur.

Almennt eru lögaðilum ekki dæmdar miskabætur enda passa slíkir aðilar illa inn í almennar skilgreiningar á „sálrænu tjóni“. Tilskipunin sem er innleidd með lögunum gerir ekki kröfu um að aðildarríki setji reglur um miskabætur. Ákvæðið ber þess því merki að vera sérstök lagaheimild um einhvers konar refsikennd viðurlög fremur en miskabætur í skilningi íslensks skaðabótaréttar. Verður það að teljast óeðlilegt í ljósi þess að það er heimilt að beita brotlega einstaklinga og aðila viðurlögum sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Með vísan í framangreint leggur ASÍ því til að 4. mgr. 13. gr. laganna verði felld úr frumvarpinu við þinglega meðferð þess. Að öðru leyti en því gerir ASÍ ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. ASÍ

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / s. 5355600